

Fjölskylduráð - 384 (15.2.2019) - Hækkun á frístundastyrkjum

Málsnúmer : 1812064
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Niðurstaða (stutt) : Lagt fram
Fundardagur : 15.02.2019

Inngangur : Fundinn sátu Valgerður Sigurðardóttir og Þórarinn Þórhallsson fulltrúar öldungaráðs.
Niðurstaða : Fjölskylduráð vill að frístundastyrkur sé í samræmi við frístundastyrk ungmenna. Samþykkt að kanna svigrúm til hækkunar á frístundastyrk um mitt ár 2019.

Bókun frá fulltrúa Samfylkingarinnar:

Fulltrúi Samfylkingarinnar lýsir yfir vonbrigðum að ekki hafi reynst unnt að ljúka málinu á fundinum í dag.

Hringlandaháttur hefur einkennt málið síðan fræðsluráð samþykkti á hækkun frístundastyrknum einróma á fundi sínum 5. des. 2018 en meirihluti bæjarstjórnar vísaði tillögunni til baka í fræðsluráð þann 12. des. 2018. Mikilvægt er að fjölskylduráð tefji ekki hækkun til barna og ungmenna svo þau standi jafnfætis börnum og ungmennum í öðrum sveitarfélögum.